

Nd.

242. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að reka sildarbræðslu á Raufarhöfn.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir heimild til að leigja sildarverksmiðjuna á Raufarhöfn, ásamt bryggjum og öðrum nauðsynlegum mannvirkjum, og reka þar sildarbræðslu, ef viðunandi leigusamningar nást og fært þykir að öðru leyti.

2. gr.

Stjórn sildarverksmiðju ríkisins á Siglufirði hefir á hendi stjórn verk-smiðjunnar á Raufarhöfn undir yfirumsjón atvinnumálaráðuneytisins.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um rekstur verk-smiðjunnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Kauptúnið við Raufarhöfn hefir að mestu vaxið upp síðasta áratug. Áður voru þar aðeins 4—6 fjölskyldur, en nú er ibúatala um 200. Atvinna þorps-búa hefir verið sjávarútgerð og daglaunavinna við sildarbræðslustöð, sem þar hefir starfað 7—8 ár, og hefir atvinnuvon við það fyrirtæki mestu valdið um að-streymi fólks til þessa staðar. Um fleiri atvinnumöguleika er ekki að ræða að svo stöddu.

Fiskveiðar verða ekki stundaðar frá þessum stað nema 3—4 sumar-mánuðina, eða þann tíma, sem sildveiði stendur yfir. Hefir útgerðinni verið ómetanlegur stuðningur að rekstri bræðslustöðvarinnar, því hans vegna hefir venjulega fengizt ný og ódýr beitusild frá skipum þeim, sem þangað leita til aflasölu.

Sildarbræðslustöðin er norskt fyrirtæki. Hefir eigandinn jafnframt verið atvinnurekandi á fleiri stöðum hér á landi og í Noregi, og munu þau fyrirtæki hafa borið sig misjafnlega vel. Er nú fullyrt, að hann muni verða að hætta verk-smiðjurekstrinum á Raufarhöfn, vegna fjárhagsörðugleika. Missa þá verkamenn þeir, sem þar hafa unnið, atvinnu sína og útgerðin þann óbeina stuðning, sem verk-smiðjureksturinn hefir veitt þeim.

Sjávarútgerð Raufarhafnarbúa hefir ekki farið varhluta af þeim erfið-leikum, sem þjakað hafa þann atvinnuveg annarsstaðar á landinu hin síðustu ár. Er nú svo komið, að tvisýnt mun vera um möguleika fyrir áframhaldi útgerðar á þessum stað, þótt beita yrði jafnauðfengin og áður, en ef það bregzt, er útgerðin dauðadæmd að sinni. Eru þá allar bjargir bannaðar fyrir þorps-búa og fyrirsjáanlegt fullkomið hallæri.

Auk þeirra beinu og óbeinu hagsmuna, sem rekstur sildarverksmiðju mundi veita Raufarhafnarbúum, þá hlýtur hann einnig að vera sildarútgerðinni mikið hagsmunamál. Sildargöngur eru oft mjög miklar á Öxarfirði og Þistilfirði og austanvert við Langanes, og stundum hefir það komið fyrir, að því nær allur sildarflotinn hefir leitað til þessara stöðva, þegar litil sild er annarsstaðar. Þegar svo stendur á, hafa skipin lagt mikið kapp á að selja veiðina á Raufarhöfn, því þangað er langskemmst sigling. Auk þess hefir reynslan sýnt, að verk-smiðjurnar á Siglufirði og Krossanesi geta ekki annað því að

taka á móti allri sild, þegar mikið veiðist, og hefir þá skipunum komið það vel að geta selt á Raufarhöfn.

Rekstur síldarverksmiðju á Raufarhöfn ætti ekki að þurfa að baka ríkinu teljandi áhættu, þar sem ekki er gert ráð fyrir að festa fé í vélum eða öðrum mannvirkjum, og síldareigendum mundi aðeins verða greitt það verð, sem fengist fyrir afurðirnar að frádregnum kostnaði.

Um leigukjör á verksmiðjunni verður ekkert fullyrt. En líklegt er, að núverandi eigandi mundi eftir atvikum telja sig fullsæmdan af eftirgjaldi, sem svaraði til vaxta af mannvirkjunum.

Frumvarp þetta, ef að lögum yrði og heimildin notuð, mundi tryggja atvinnu þorpabúa á Raufarhöfn og þeirra manna, sem síldveiðar stunda við Norðurland.